

aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, svo og iðngreina sem framleiða vörur sem tollar hafa verið felldir niður af skv. 1. gr. tollskrárlaga, án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði nefndra fríverslunarsamninga. Skipasmíðar skulu teljast til samkeppnisiðnaðar í þessu sambandi, sbr. þó c-lið 7. gr.

10. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

11. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

12. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheintu og tolleffirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

13. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980 og lög nr. 80/1980 um breyting á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 106 29. desember 1980 til að öðlast gildi frá og með 2. janúar 1981. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 284 11. ágúst 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1981.

Ragnar Arnalds.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 390.—
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 130.—
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 130.—
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 130.—
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum — 20.—
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 180.—
7. Fyrir fjármark	— 35.—
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross — 20.—
9. Fyrir innköllun	— 180.—
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 65.—
11. Fyrir ógildingarstefnu	— 180.—
12. Fyrir dómsbirtingu	— 180.—
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim. — 100.—

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 16.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. janúar 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 538 30. október 1980 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld:

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1—200 g	kr. 1.—
Þyngd ½ kg—20 kg	— 2.—
Þyngd 50 kg	— 6.—
Þyngd 4—8 oz	— 1.—
Þyngd 1 lb—13½ lb	— 1.—
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: Allar stærðir	— 26.—
3. Jafnarma vogir:		
Burðarþol: Allar stærðir	— 13.—
4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10— 100 kg	— 13.—
Burðarþol 150— 500 kg	— 20.—
Burðarþol 600— 2 000 kg	— 33.—
Burðarþol 3 000—30 000 kg	— 130.—